

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. júní 2024

Mál nr. S-1440/2024:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Elín Hrafnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Steinbergur Finnbogason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 23. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 5. mars 2024, á hendur: „X, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir eftirtalin brot:

1. Tilraun til fíkniefnalagabrots, með því að hafa föstudaginn 4. mars 2022, sótt og þar með gert tilraun til að taka við 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, en fíkniefnin voru falin í raftækja- og heimilisvörukössum sem komu hingað til lands með póstsendingu frá Hollandi 3. mars 2022. Lögregla lagði hald á fíkniefnin í póstmíðstöðinni við [...] í Reykjavík og skipti þeim út fyrir gerviefni. Ákærða ók að pósthúsinu við [...] í Reykjavík þar sem hún sótti þakkann og ók að heimili sínu að [...] í Reykjavík, þar sem hún var handtekin að kvöldi 4. mars 2022.

M: 007-2022- [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 25. maí 2022 ekið bifreiðinni [...] óhæf til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist

amfetamín 35 ng/ml og metýlfenidat 12 ng/ml) suður Skútuvog í Reykjavík, við Vínbúðina, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn. M: 007-2022-[...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019. Krafist er upptöku á 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Einnig er krafist upptöku á farsíma (munanúmer [...]), samkvæmt 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en farsíminn var notaður við framningu brotsins og í samskiptum um fíkniefni.“

I

1. Ákærða krefst þess að hún verði sýknuð af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að henni verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hún þess að upptöku á farsíma verði hafnað. Þá krefst verjandi ákærðu hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

II

2. Hvað varðar málsatvik vegna 1. ákæruliðar kemur fram í frumskýrslu lögreglu að tollgæslan hafi 3. mars 2022 haft samband við lögreglu vegna fíkniefna sem hefðu fundist í póstsendingu sem kom til Íslands frá Hollandi. Sótti lögreglan pakkann í Póstmiðstöðina og fór með hann í tæknideild lögreglu þar sem efnin voru vigtuð og greind. Var um að ræða tæp fimm kg af hassi og um 260 g af amfetamíni.
3. Samkvæmt merkingum á pakkanum var móttakandi X, [...], og kom þar einnig fram að hann hefði verið sendur frá [...] í Hollandi þann 22. febrúar 2022 en mögulega var pakkinn þó póstagður í [...] þann 16. sama mánaðar og væri það til frekari skoðunar. Sendandi pakkans er skráður: A [...], [...], *The Netherlands*. Sendingarnúmerið er [...].
4. Fyrir liggur kæruskýrsla tollgæslu vegna málsins. Þar kemur fram að fimmtudaginn 3. mars 2022 hafi framangreind sending verið tekin til frekari skoðunar við eftirlit með erlendum bögglasendingum. Þegar sendingin var opnuð hafi hún reynst innihalda

lofttæmdar pakkningar sem komið hafði verið fyrir í raftækja- og heimilisvörökössum. Var um að ræða ætlað kannabisefni í fimm pakkningum, alls um fimm kg. Í kjölfar þess var málið sent lögreglu til frekari rannsóknar. Fyrir liggur skýrsla lögreglu með myndum tollgæslu af sendingunni, meintum fíkniefnum og merkingum á kassanum og kemur þar fram að sendingin var merkt sem gjöf.

5. Þá liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu um aðgerðir hennar vegna málsins þann 4. mars 2022. Aflaði lögregla nokkurra dómsúrskurða í málinu, m.a. um að henni væri heimilt að koma fyrir hljóðupptöku- og hlustunarbúnaði inni í póstsendingunni, að hlusta farsíma ákærðu, fá upplýsingar um notkun á síma ákærðu og að gera húsleit á heimili hennar. Þennan dag, kl. 13:20, var sendingunni komið fyrir á pósthúsinu við [...] og var þá búið að fjarlægja fíkniefnin úr henni og koma fyrir gerviefnum, hljóðupptökubúnaði og eftirfararbúnaði.
6. Klukkan 13:20 voru send SMS-skilaboð til ákærðu þar sem fram kom að pakkinn væri tilbúinn til afhendingar á pósthúsinu. Tveimur mínútum síðar, eða kl. 13:22, hringdi ákærða í Íslandspóst og liggur fyrir endurrit af því símtali. Kemur þar fram að erindi hennar hafi verið að athuga hvort hún gæti náð í sendinguna. Eftir að símtalinu lauk fór ákærða frá heimili sínu að [...] á bifreið sinni [...] og ók að pósthúsinu við [...]. Sótti hún pakkann kl. 13:37 og var þá klædd í svarta úlpu, dökkar buxur og með rauðleita húfu og setti hún pakkann inn í bifreiðina og ók heim. Fór ákærða með sendinguna inn í íbúð sína og var þar um stund en fór síðan burt til að aðstoða móður sína eftir að hafa fengið símtal frá henni.
7. Ákærða var handtekin á heimili sínu kl. 19:48 sama dag grunuð um fíkniefnamisferli. Var þá gerð leit á heimili ákærðu og í bifreið hennar. Sendingin stóð þá óopnuð við útidyrhurð á heimili ákærðu. Spurð á vettvangi um sendinguna sagði ákærða að hún vissi ekki hvað væri í sendingunni en teldi að þetta gæti verið *hjóladótt*. Liggur fyrir endurrit af samtali lögreglu við ákærðu á vettvangi og upptaka af samtalinu sem er að hluta til óskýr. Þá liggur fyrir skýrsla um húsleit auk ljósmynda af munum sem haldlagðir voru við leitina. Voru m.a. spjaldtölva og farsími af gerðinni iPhone 12 Pro haldlögð og er síminn merktur með munanúmerinu [...] í gögnum lögreglu. Þá fylgdu upplýsingaskýrslunni mynd af pakkanum við útidyrhurðina og mynd af ákærðu bera pakkann út í bifreið sína við pósthúsið. Þann 5. mars 2022 var ákærða úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna málsins sem hún sætti til 11. mars 2022.
8. Samkvæmt efnaskýrslu tæknideildar lögreglu reyndust vera í pakkanum 4.725 g af *hassi-*

kannabisefni og 256,28 g af amfetamíni. Segir þar að kannabisefninu hafi verið pakkað í 40 litlar einingar og 30 stærri einingar og hafi þunn filma verið utan um allar einingarnar. Þá óskaði lögregla eftir því að Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði styrkleikamældi amfetamínið og liggur fyrir matsgerð rannsóknastofunnar hvað það varðar. Þar kemur fram að tekið hafi verið til rannsóknar sýni sem hafi vegið 2,429 g en eftir þurrkum 1,685 g. Með gasgreiningu á súlu, massagreiningu, vökvagreiningu á súlu og ýmsum efnaprófum hafi komið í ljós að sýnið innihéldi amfetamín og koffein. Efnapróf hafi bent til þess að amfetamínið væri að mestu í formi amfetamínsúlfats. Styrkur amfetamínbasa í sýninu hafi verið 5,7% sem samsvari 7,8% af amfetamínsúlfati.

9. Meðal þess sem fannst á spjaldtölvunni sem haldlögð var á heimili ákærðu var 10 klukkustunda hljóðupptaka og liggur fyrir skýrsla lögreglu um það sem þar kemur fram. Má af henni ráða að ákærða hafi sjálf tekið þetta upp á heimili sínu og að tiltekinn maður hafi þá verið þar með henni og að þau hafi rætt um fíkniefni og lán til aðila vegna fíkniefnaviðskipta. Kemur þar fram að ákærða er þá í neyslu fíkniefna.
10. Við skoðun á farsíma ákærðu af gerðinni iPhone 12 Pro kom í ljós að hún hafði verið í símanum þrjár klukkustundir daginn sem hún var handtekin og 29% þess tíma inni á forritinu *Wickr me* sem notað er til samskipta án rakningar, þ.e. er dulkóðað. Ákærða neitaði að gefa upp lykilorð að því en kvaðst hafa verið að taka myndir og myndbönd. Í símanum sást einnig að hún notaði myndaalbúm eða *Photos* einungis 1% tímans. Þá má þar sjá SMS sem ákærða fékk frá póstinum þegar sendingin var tilbúin og að hún hefur oft verið í samskiptum við tiltekinn mann þegar hún hefur verið að taka á móti pökkum. Má þar einnig sjá gögn sem benda til þess að ákærða hafi verið að selja fíkniefni og rukka vegna sölu efna. Einnig kom fram í síma ákærðu að hún hafði leitað eftir upplýsingum um það hvort hægt væri að fela skilaboð, eyða þeim sjálfkrafa eða stilla símann þannig að skilaboð fyndust ekki. Þá virðist sem forritið *Wickr me* hafi verið sett upp í síma ákærðu 13. janúar 2022.
11. Þá skoðaði lögregla bankaupplýsingar vegna ákærðu frá tveimur viðskiptabönkum og sáust þar engar greiðslur sem lögregla taldi vera vegna ætlaðra kaupa á fíkniefnum erlendis frá.
12. Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu var tveimur tækjum komið fyrir í pakkanum til að hljóðrita samtöl. Annars vegar tæki sem tekur upp hljóð og hins vegar tæki sem gerir lögreglu kleift að hlusta á samtöl í rauntíma. Vegna tæknilegra örðugleika virkaði ekki

hljóðritunin í tækinu sem gerir lögreglu kleift að hlusta í rauntíma. Hægt var að hlusta í rauntíma en upptökurnar vistuðust ekki. Hitt tækið, sem taka á upp allt hljóð, fer aðeins í gang þegar það nemur hljóð. Við hlustun heyrðist þegar ákærða kom inn heima hjá sér með pakkann og sagði hún þá *yes, yes, yes* og síðan *oh, geggjáð*. Heyrðist þetta einungis í rauntíma en vistaðist ekki á upptöku.

13. Fyrst var tekin skýrsla af ákærðu 5. mars 2022. Kvaðst hún hafa sótt sendinguna og haldið að þetta væri eitthvað sem hún hefði sjálf pantað. Hún hefði áður verið í neyslu og þá notað áfengi og kókaín en væri ekki lengur í neyslu og ekki með neinar fíkniefnaskuldir. Hún hefði fengið tilkynningu um að hún ætti að sækja pakka á pósthúsið. Hefði hún gert það en það komið henni á óvart að fá risastóran pakka en svo hefði hún gleymt pakkanum. Vissi hún ekki hvað var í pakkanum eða hver hefði pantað þessa sendingu en hún hefði ekki átt von á henni og hefði ekki verið búin að kíkja í pakkann. Hefði það verið heimska að taka við sendingunni. Þá væri hún utan við sig og ætti það til að kíkja á sendingar seinna.
14. Ákærða kvaðst ekki hafa verið að panta neitt frá Hollandi né hafa verið að panta heimilistæki. Kvaðst hún hafa pantað hjálpartæki og föt en ekki vera með upplýsingar í símanum til að sýna fram á það. Hefði hún ekki vitað að það væru fíkniefni í sendingunni eða í hvaða magni. Var ákærðu kynnt að í sendingunni hefðu verið tæp 4,8 kg af hassi og 256,28 g af amfetamíni og kvaðst hún ekkert hafa um það að segja. Væri hún ekki eigandi sendingarinnar og enginn hefði beðið hana að taka við henni. Þá kvaðst hún ekki hafa fengið send fíkniefni í þeim sendingum sem hún hefði áður fengið.
15. Staðfesti ákærða að hún hefði hringt í póstinn örfáum mínútum eftir að hún fékk send skilaboð um að pakkinn væri kominn á pósthúsið. Hefði henni fundist það skrítið að fá tilkynningu þar sem hún fengi pakkana alltaf í póstbox. Pakkinn hefði verið óopnaður við útidyr þegar lögreglu bar að þar sem hún hefði ekki verið komin lengra, en hún hefði farið til foreldra sinna eftir að hún fór heim með pakkann. Þá sagði ákærða að hvítur iPhone sem fannst við húsleit hjá henni væri varasími hennar. Var ákærðu kynnt að gylltur iPhone sími sem fannst hjá henni hefði ítrekað hringt á meðan húsleit fór fram, aðallega í gegnum forritið *Wickr me*, og neitaði ákærða að svara því við hverja hún hefði verið að ræða á því forriti.
16. Næst var tekin skýrsla af ákærðu 8. mars 2022. Var ákærðu þá m.a. kynnt endurrit af samtali hennar við lögreglu á vettvangi þar sem fram kom hjá henni að hún hefði talið að í pakkanum væri hjólataska. Einnig hefði komið fram hjá henni þar að hún hefði

pantað alls kyns hluti á netinu og að hún hefði ekki vitað hvað væri í þessum pakka. Var ákærðu kynnt að í fyrri skýrslu hjá lögreglu hefði hún síðan sagt að hún hefði ekki átt von á pakka. Kvaðst ákærða þá ekki hafa átt von á svona stórum pakka og ekki hafa vitað hvert innihald hans var og hefði hún ekkert yfirlit haft yfir það sem hún hefði pantað á netinu. Að öðru leyti kaus ákærða að tjá sig ekki um sakarefnið.

17. Loks var tekin skýrsla af ákærðu 14. mars 2022. Var henni þá kynnt að í *internet-sögu* í símanum hennar hefði komið fram að leitað hefði verið að upplýsingum um það hvort hægt væri að fela skilaboð á Messenger og kvaðst ákærða þá hafa verið að velta því fyrir sér hvort þáverandi kærasti hennar hefði verið að fela eitthvað fyrir henni. Þá minntist hún þess ekki að hafa verið að leita að tiltekinni póstsendingu í byrjun mars en kvaðst alltaf fylgjast með sendingum. Kynnt að hlustunarbúnaður hefði verið í pakkanum og á upptöku hefði hún heyrst segja *yes, yes, yes* eftir að hún kom með pakkann heim og kvaðst ákærða ekki muna eftir því.
18. Þá liggja fyrir skilaboð frá Póstinum vegna sendinga til ákærðu á tímabilinu 2021–2023 úr *póst-appi* ákærðu.
19. Hvað varðar málsatvik vegna 2. ákæruliðar kemur fram í frumskýrslu málsins að lögreglumenn hafi við hefðbundið eftirlit 25. maí 2022 veitt athygli bifreiðinni [...] þar sem henni var ekið frá Vínbúðinni í [...] til suðurs. Hafi þeir farið á eftir bifreiðinni og gefið ökumanni hennar merki um að stansa með forgangsljósum og hafi ökumaðurinn, sem reyndist vera ákærða, stöðvað bifreiðina. Hafi hún verið fengin yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna og borið þess merki að vera undir áhrifum vímuefna. Hafi öndunarpróf sem ákærða gaf í áfengismæli sýnt neikvæða niðurstöðu. Ákærða hafi verið mjög sljót í háttum, drafandi í tali og þvöl í andliti. Hafi hún sagst hafa sofnað seint um nóttina og vera nývöknuð. Hefði hún hlaupið út í bifreið sína og inn í verslunina og þess vegna væri henni heitt og hún sveitt í framan og hafi hún sagst hvorki nota lyf né fíkniefni. Mátu lögreglumenn skýringar ákærðu ótrúverðugar og var hún handtekin vegna gruns um akstur undir áhrifum vímuefna og/eða lyfja. Viðurkenndi ákærða að nota *Ritalin*, *OXY* og *BZO-lyf* og væri hún í niðurtröppun á *OXY* hjá verkjateymi Landspítalans. Var ákærða flutt á lögreglustöð þar sem tekið var úr henni blóðsýni.
20. Fyrir liggur vottorð vegna blóðsýnatöku úr ákærðu kl. 16:41 sama dag. Þá liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 14. júní 2022, vegna rannsóknar á framangreindu blóðsýni. Reyndist það innihalda amfetamín 35

ng/ml, díazepam 140 ng/ml, metýlfenidat 12 ng/ml og nordíazepam 260 ng/ml.

21. Kemur fram í matsgerðinni að amfetamín og metýlfenidat séu í flokki ávana- og fíkniefna sem séu óheimil á íslensku forráðasvæði. Ökumaður teljist því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá segir þar að Díazepam sé róandi og kvíðastillandi lyf af flokki benzodíazepína og sé nordíazepam virkt umbrotsefni þess. Díazepam hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfið og geti dregið úr aksturshæfni í lækningalegum skömmtum. Styrkur þess í blóðinu sé eins og eftir töku lækningalegra skammta. Megi telja víst að ökumaðurinn hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þeim sökum.
22. Þá liggur fyrir læknisvottorð, dags. 4. ágúst 2015, þar sem fram kemur að ákærða þjáist af athyglisbresti (attention deficit hyperactivity – ADHD). Einnig liggur fyrir læknisvottorð, dags. 4. júlí 2022, þar sem vottast að ákærða sé í lyfjaskömmun með eftirfarandi lyf: *Mogadon 5 mg 2x1/dag. Ritalin Uno 30 mg 1x3/dag. Stesolid 5 mg 2x1/dag.*
23. Loks liggur fyrir bréf lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þar sem ákærðu var boðið að ljúka málinu með sektargerð.

III

24. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.
25. *Ákærða* kvaðst, hvað varðar þau atvik er greinir í 1. ákærulið, hafa þann 4. mars fengið tilkynningu á póst-appinu um að það væri komin póstsending sem hún ætti að sækja. Hún hefði hringt á pósthúsið og spurt um sendinguna af því að sér hefði fundist skrítið að sendingin væri á pósthúsi en venjulega sækti hún sendingar í póstbox þegar hún væri að panta. Í framhaldi af því hefði hún sótt sendinguna og hefði þetta verið stór kassi. Hún hefði tekið við kassanum og farið með hann heim. Hún hefði sett pakkann við hurðina þar sem hann var þegar lögreglan kom. Kvaðst hún hafa verið heima í smá stund en síðan farið út aftur til að aðstoða foreldra sína, en þá enn verið að hugsa um að þetta væri svolítið skrítið og hvort hún ætti eitthvað að athuga með þetta. Sér hefði fundist þetta vera of stór pakki og jafnvel verið að hugsa um að skila honum en hún hefði ekki viljað vera að opna póst sem einhver annar ætti. Um klukkustund eftir að hún var komin aftur heim hefði lögreglan komið og íbúð hennar fyllst af lögreglumönnum og hún verið handtekin.

26. Kvaðst ákærða ekki hafa pantað þennan pakka og enga hugmynd hafa haft um það hvað væri í honum. Hún hefði sótt pakkann þrátt fyrir að hafa ekki átt von á honum af því að hún hafði fengið tilkynningu um að þetta væri pakki til hennar. Hún hefði ekki skoðað pakkann eða kannað hvað væri í honum þar sem hún hefði verið utan við sig og mikið í gangi hjá henni þennan dag og vegna þess að henni fannst þetta vera eitthvað skrítið. Þrátt fyrir það hefði hún viljað sækja pakkann en hún gæti ekki svarað af hverju. Kvaðst hún ekki hafa verið að taka við sendingu fyrir einhverja aðra.
27. Var ákærðu kynnt að lögregla hefði verið búin að koma fyrir hljóðupptökubúnaði í pakkanum og í gegnum hann hefðu lögreglumenn heyrt hana segja *yes, yes, yes*, og *oh geggjað* þegar hún var komin með pakkann inn á heimili sitt. Kvaðst ákærða ekki geta svarað því hvers vegna hún hefði gert það. Eftir að hún kom heim með pakkann og áður en hún fór til foreldra sinna hefði hún verið að taka sig til. Ætti hún það til að tala upphátt við sjálfa sig. Myndi hún ekki eftir að hafa talað eitthvað við sjálfa sig út af þessum pakka.
28. Ákærða kvaðst kannast við forritið *Wickr me* og sagði að þetta væri eins og Messenger og önnur samskiptaforrit. Hefði hún t.d. notað þetta forrit fyrir samtöl og til að senda myndir en myndi ekki við hverja hún hefði þá verið í samskiptum. Væri engin ástæða fyrir því að hún notaði þetta forrit en ekki Messenger eða önnur samskiptaforrit. Minnti hana að hún hefði notað þetta forrit daginn sem hún var handtekin en hún myndi ekki í hvaða tilgangi. Kvaðst ákærða ekki kannast við að þetta forrit hefði hringt látlaut á meðan lögregla var á heimili hennar. Þá kvaðst hún ekki kannast við að hafa pantað neitt frá Hollandi. Hún hefði átt reiðhjól og pantað þaðan töskur og lás á það en það hefði verið löngu áður en þetta gerðist og hún væri löngu búin að fá það afhent. Þegar sendingin barst hefði hún ekki verið nýbúin að panta neitt frá Hollandi.
29. Ákærða kvaðst hafa neytt áfengis á þessu tímabili en hún myndi ekki hvort hún hefði þá einnig verið að neyta fíkniefna. Neitaði ákærða að svara því hvort hún hefði verið að selja fíkniefni á þessum tíma. Þá kannaðist ákærða við að eiga spjaldtölvu sem haldlögð var á heimili hennar en kvaðst ekki muna eftir að hafa tekið upp 10 tíma hljóðupptöku sem þar fannst og talin er vera af henni tala við annan aðila. Neitaði ákærða að mestu að svara spurningum um hljóðupptökuna en kvaðst ekki kannast við að hafa þar verið að ræða um það að rukka einhverja aðila fyrir fíkniefni.
30. Ákærða kvaðst hafa verið að panta sér alls kyns hluti á netinu og sjálf hefði hún ekki haft neitt yfirlit yfir það sem hún hefði pantað. Þessi pakki hefði verið óvenjulegur miðað við

þá pakka sem hún væri almennt að fá, bæði hefði hann verið miklu stærri og hún hefði alltaf fengið pakkana sína í pósthúsið. Þessi hefði verið of stór til að komast fyrir þar og því hefði hún hringt á pósthúsið. Kvaðst hún engar upplýsingar hafa haft um þessa sendingu áður en hún fékk skilaboðin en hún hefði ekki gert ráð fyrir að eitthvað ákveðið væri í þessari sendingu. Hún hefði örugglega átt von á einhverju minna, hún væri t.d. alltaf að panta undirföt.

31. Borin var undir ákærðu skýrsla, dags. 7. mars 2022, og að þar kæmi fram að hún hefði sagt á vettvangi að í pakkanum væru töskur til að setja á hjól og kvaðst ákærða ekki muna eftir að hafa sagt þetta. Það hefði verið mikil ringulreið þegar lögreglumennirnir komu inn og hefði henni fundist þeir veitast að sér en þeir hefðu sett hana niður í stól og hefði henni fundist það vera mjög óþægilegt. Kvaðst hún ekki hafa átt von á hjólatöskum og vísaði til þess að hún hefði áður sagt frá hjólinu sem hún ætti. Það eina sem henni dytti í hug núna væri að hún hefði örugglega sagt þetta af því að þetta hefði verið stór kassi. Efaðist hún ekki um að hafa sagt þetta. Ákærða kvaðst kannast við að tveir iPhone-símar hefðu verið haldlagðir þegar húsleit var gerð hjá henni. Sá gyllti hefði verið hennar sími en sá hvíti varasími.
32. Ákærða kvaðst, hvað varðaði þau atvik er greindir í 1. ákærulið, hafa verið stöðvuð af lögreglu þegar hún var að koma úr Vínbúðinni í [...]. Hún hefði verið látin blása og það hefði ekkert mælst en þá hefði hún verið handtekin af því að hún hefði svitnað svo mikið í framan. Kvaðst hún þá hafa verið tiltölulega nývöknuð og hefði hún ekki verið í neinni fíkniefnaneyslu. Var ákærðu kynnt að fram kæmi í málgögnum að það hefði mælst amfetamín og metýlfenidat í blóði hennar og sagði ákærða þá að hún væri með ADHD-greiningu og vegna þess tæki hún Ritalin Uno. Hefði hún sagt lögreglumönnum að hún væri að taka lyf vegna ADHD. Gæti hún ekki útskýrt hvers vegna það hefði mælst amfetamín í blóði hennar. Kvaðst ákærða einnig hafa sagt lögreglumönnum að hún hefði verið á verkjalyfjum vegna líkamsárásar en væri í niðurtröppun hjá verkjateymi Landspítalans eftir að hafa fengið magasár.
33. Kom fram hjá ákærðu að henni myndist ekki að neysla þeirra lyfja sem hún væri að taka vegna ADHD hefði áhrif á akstur hennar heldur gerði hana betri. Minntist ákærða þess ekki að hafa verið með vottorð þar sem fram kæmi á hvaða lyfjum hún væri og hefði hún haldið að það væri nóg að sýna gögnin í símanum frá læknum hennar. Kvaðst hún ekki hafa framvísað vottorði eða lyfjaskírteini heldur sagt lögreglumönnum frá þessu og kvaðst hún ekki hafa vitað betur. Væri hún með aðgang að Heilsuveru og þar hefði hún

aðgang að lyfseðlum og lyfjakorti sínu. Hefði lögregla ekki leiðbeint henni um að framvísa því.

34. Staðfesti ákærða að hún hefði mátt taka 5 mg af Mogadon tvisvar á dag og að þetta væri svefnlyf sem hún tæki eftir þörfum fyrir svefn. Þá hefði hún tekið 90 mg af Ritalini Uno vegna ADHD og tæki hún lyfin tvisvar á dag, annars vegar 60 mg að morgni og hins vegar 30 mg um miðjan dag. Einnig væri hún með uppáskrifað lyfið Stesolid, 5 mg tvisvar á dag. Notaði hún lyfið vegna kvíða og tæki það eftir þörfum en ekki daglega. Fleiri lyf hefði hún ekki verið að taka. Hún væri nú alveg hætt í neyslu.
35. *Lögreglumaður nr. B* sagði að tilkynning hefði borist frá tollgæslunni um að fíkniefni hefðu fundist í pakka og hefði vitnið séð um samskipti við tollgæsluna. Lögreglumenn hefðu sótt pakkann og farið með hann til tæknideildar sem hefði skoðað það sem í honum var. Þá kvaðst vitnið hafa aðstoðað við skyggingar eftir að pakkinn var afhentur. Kvaðst hann hafa ritað skýrslu um upphaf málsins sem hann staðfesti.
36. Staðfesti vitnið að hljóðupptökubúnaður hefði verið settur í pakkann. Sjálfur hefði hann ekki verið að hlusta á það sem þar heyrðist heldur hefði hann hlustað á það sem sá sem hlustaði á búnaðinn sagði í talstöðina um það sem þar kom fram. Eftir að pakkinn hefði verið afhentur ákærðu og hún var komin inn í íbúðina hefði verið eins og hún væri að fagna einhverju en hún hefði kallað upp *yes, yes, yes* og eitthvað í framhaldi af því sem hann myndi ekki hvað var. Hefði hann lagt þá merkingu í þetta að stressið væri búið hjá henni, pakkinn kominn og þetta væri afgreitt einhvern veginn. Þar sem ákærða hefði ekki farið beint í það að opna pakkann hafi verið skoðað hvort einhverjir aðrir kynnu að tengjast þessu máli. Vitnið kvaðst hafa komið að rannsókn þess hvort tiltekinn maður tengdist pakkanum en svo reyndist ekki vera.
37. Vitnið sagði að þeir hefðu ekki skilið þessi orð ákærðu svo að hún hefði verið búin að opna pakkann. Stundum heyrðu þeir þegar pakkar væru opnaðir og gerði hann ráð fyrir að þeir hefðu heyrt það ef pakkinn hefði verið opnaður. Ástæða þess að ákærða hefði ekki verið handtekin fyrr hefði verið sú að hún hefði farið eitthvað út í millitíðinni. Hefðu þeir þá vitað að pakkinn hafði ekki farið út úr íbúðinni. Þegar þeir komu inn í íbúðina hefðu þeir tekið pakkann upp og lagt hann á borðið og spurt ákærðu hvað væri í honum og hún þá sagt að það væri eitthvert *hjóladót* sem hún hefði verið að panta.
38. *Lögreglumaður nr. C* kvaðst hafa borið ábyrgð á rannsókn málsins. Um hefði verið að ræða hefðbundna póstsendingu sem hefði komið á pósthúsið í [...] og þangað hefði ákærða átt að sækja sendinguna. Pósturinn hefði sent SMS til ákærðu sem hefði fljótlega

haft samband við póstinn og í kjölfarið sótt pakkann. Þetta hefði verið stór kassi og hefði hún gengið með hann út á bifreiðastæðið í [...] þar sem hún hafði lagt bifreið sinni. Síðan hefði hún ekið heim til sín og sett pakkann við útidyrhurðina inni í íbúðinni. Á sama tíma hefðu þeir verið að hlusta á allt sem fór fram í íbúðinni. Kvaðst hann hafa veitt því sérstaka athygli að ákærða virtist fagna þegar hún kom inn í íbúðina og sagði þá *yes, yes, yes* og fljótlega eftir það *oh geggjað*. Síðan hefði lítið verið að gerast og þeir lítinn umgang heyrt inni í íbúðinni. Hefðu þeir heyrt að pakkinn var augljóslega kyrr við hurðina. Ákærða hefði síðan farið út til að aðstoða móður sína og hefði pakkinn verið skilinn eftir í íbúðinni. Ákærða hefði síðan komið heim og þegar líða tók á kvöldið hefðu þeir farið í íbúðina og handtekið ákærðu. Þeir hefðu beðið þangað til með að fara inn þar sem þeir hefðu viljað heyra hvað gengi á í íbúðinni. Þá hefði grunað, og grunaði enn, að ákærða hefði verið að taka á móti þessum pakka fyrir einhvern annan.

39. Sagði vitnið að það sem hefði vakið athygli þeirra strax í byrjun hefði verið svör ákærðu um pakkann. Hún hefði byrjað á því að segja að þetta væri mögulega hjóladót og síðan að hún hefði mögulega pantað þetta og loks mögulega ekki. Hún hefði ekki viljað gefa nein skýr svör um þetta og hefði sér ekki fundist ákærða vera trúverðug. Það hefði verið eins og hún væri að reyna að finna einhverja ástæðu fyrir því að pakkinn ætti að vera þarna.
40. Kvaðst vitnið hafa tekið tvær fyrstu af þremur skýrslum sem teknar voru af ákærðu við rannsókn málsins. Hefði sér ekki fundist hún vera trúverðug í framburði sínum og ekki fundist hún gera neitt til að aðstoða lögreglu við rannsókn málsins. Lögreglan hefði t.d. viljað komast í rafræn gögn, dulkóðað samskiptaforrit *Wickr me*, og skoða samskipti þar en ákærða hafði eytt miklum tíma á því forriti. Ákærða hefði ekki viljað aðstoða lögreglu við það. Framburður hennar hefði verið ótrúverðugur og verið áfram í einhverju ósamræmi við það sem hún hafði sagt á vettvangi. Þegar ákærða kom heim til sín hefði hún sett pakkann við útidyrhurðina og sagt síðan að hún hefði ekki átt von á þessum pakka. Þeim hefði fundist það skrítið að hún hefði náð í þennan risastóra pakka og sett hann við útidyrhurðina án þess að kíkja í hann og athuga hvað væri í honum. Því hefði þá farið að gruna að hún hefði verið að taka við pakkanum fyrir einhvern annan.
41. Kom fram hjá vitninu að ákærðu hefði verið brugðið þegar þeir komu og hefði hún þá verið búin að drekka eitthvert áfengi en verið vel viðræðuhæf. Þegar þeir töluðu við fólk á vettvangi væri því kynnt réttarstaða sín eins og við yfirheyrslu og minni hann að lögmaður hefði komið á vettvang. Þá myndi hann ekki hvort ákærða hefði verið spurð út

í pakka frá Hollandi eða um Holland áður en upptakan fór í gang. Kvaðst hann halda að samskipti lögreglu og ákærðu hefðu verið rituð upp eftir hljóðupptöku sem var í pakkanum. Hún hefði verið í gangi allan tímann sem þeir voru þarna inni, þeir gætu ekki slökkt á henni. Myndi hann ekki eftir því að fram hefðu komið hugleiðingar hjá ákærðu um að skila pakkanum.

42. Þá sagði vitnið að nokkrir lögreglumenn hefðu séð um að hlusta á upptökuna sem var í pakkanum. Hann hefði verið að hlusta þegar ákærða kom inn til sín og sagði *yes yes yes* og *oh geggjáð*. Þeir hefðu verið með tvær týpur af búnaði í þessum pakka. Annar búnaðurinn hefði átt að taka upp allt hljóð og verið stilltur á upptöku en hinn búnaðurinn hefði átt að vera *life* hlustun, virk hlustun. Á þeim búnaði þyrfti að kveikja á upptöku í ákveðnu tæki og það gæti stundum verið erfitt að ná að tengjast tækinu. Stundum gæti þetta misfarist og þess vegna væru þeir með tvenns konar búnað. Þeir hefðu ekki náð að kveikja á upptökunni á *life* hlustuninni fyrr en ákærða var komin inn heima hjá sér.
43. Vitnið sagði að þeir hefðu því einungis náð að hlusta *life* eða í rauntíma á þessi *moment* í byrjun og hefðu verið að vona að hinn búnaðurinn myndi grípa þetta. Staðsetningin á þeim búnaði hefði hins vegar verið eitthvað léleg og hljóðið á þeirri upptöku því óskýrt. Þess vegna væri þetta ekki til á upptöku. Þeir hefðu verið saman tveir eða þrír og hann hefði hlustað á þetta í heyrnartólum. Hann hefði tilkynnt um það sem hún sagði og það sem var að gerast inni í íbúðinni. Það hefði síðan kallað upp til *talhóps* sem þeir voru með og til þeirra lögreglumanna sem voru með honum. Þegar hann heyrði ákærðu segja m.a. *yes, yes, yes* hefði hún verið komin inn í íbúðina en hann vissi ekki hvar hún var nákvæmlega. Hann hefði verið sá eini sem hefði heyrt hana segja þetta og aðrir fengið upplýsingar um þetta frá honum.
44. *Lögreglumaður nr. D* kvaðst hafa verið með eftirlit þegar ákærða sótti pakkann og einnig hefði hann verið við hlið aðila sem var að hlusta *life* á pakkann. Þeir hefðu fylgt ákærðu að heimili sínu. Sá sem var að hlusta hefði útskýrt það sem hann heyrði fyrir þeim. Hann hefði heyrt þegar ákærða fór inn á heimili sitt, lokaði hurðinni og fagnaði þegar hún var komin inn með því að segja *yes yes yes*, eða álíka, og síðan *frábært* eða eitthvað þannig. Kvaðst hann hafa lesið út úr þessu að ákærða hefði væntanlega talið að pakkinn væri kominn í öruggt skjöl, að hún hefði náð að fá þennan pakka afhentan. Sá sem var að hlusta og sagði þeim frá þessu hefði lýst þessu sem fagnaðarlátum.
45. Sagði vitnið að ákærða hefði síðan verið handtekin á heimili sínu með kassann. Þeir hefðu gert húsleit á heimili hennar og í bifreið hennar og hefði hann síðan farið í gegnum

raftæki sem fundust, farsíma og spjaldtölvu, og gert skýrslu um það. Vitnið kvaðst hafa verið viðstaddur samtal við ákærðu á vettvangi. Hann myndi að hún hefði talað um að hún hefði verið að panta eitthvert *hjóladót* en svo hefði hún bakkað út úr því. Í síma ákærðu hefðu verið póstar og þar hefði hann séð fleiri sendingar til hennar og hefði virst sem tvær þeirra, sem komu um ári fyrr, hefðu komið frá hjólabúð, [...]. Þannig hefði þetta ekki átt við rök að styðjast enda hefði ákærða bakkað með þessa skýringu. Hefði honum ekki fundist ákærða vera trúverðug í framburði sínum á vettvangi. Hún hefði verið hikandi og svolítið verið að breyta framburði sínum og virst ekki vera alveg búin að ákveða hvað hún ætlaði að segja.

46. Vitnið kvaðst hafa rannsakað spjaldtölvu og farsíma sem voru haldlögð hjá ákærðu. Á spjaldtölvunni hefðu m.a. verið upptökur, þ. á m. ein sem var 10 klukkustunda löng. Þar hefði ákærða verið að tala við mann og virtust þau vera að blanda fíkniefni og selja eða dreifa fíkniefnum og tala um skuldir og lán á eignum. Varðandi farsíma ákærðu hefði mesta athygli vakið forrit sem hét *Wickr me*. Það væri samskiptaforrit sem notaði dulkóðuð samskipti og væri mjög gjarnan notað af aðilum sem væru að gera eitthvað ólöglegt. Virkaði það þannig að það dulkóðaðist á milli aðila, það sem væri sent dulkóðaðist og í rauninni afdulkóðaðist í síma móttakanda. Ákærða hefði ekki viljað gefa upp lykilorð sitt inn á *Wickr me* og hefði hún ekkert viljað aðstoða við rannsókn málsins. Hefði þetta forrit verið mest notað í síma ákærðu og þegar hún var spurð út í það hefði hún sagst hafa verið að taka ljósmyndir sem hún hefði sent í gegnum þetta forrit. *Gallerí* og myndavélin í símanum hefðu hins vegar verið ónotuð og ætti það því ekki við rök að styðjast. Ef hún hefði tekið myndir ætlaði hann að myndaforritið hefði fylgt með og hefði þá myndavélin verið meira notuð.
47. Vitnið sagði að ákærðu hefði verið hálf brugðið þegar þeir komu en þeir hefðu þá verið þrír eða fjórir. Kvaðst hann ekki muna hvort ákærða hefði verið spurð að því beint hvort hún hefði átt von á sendingu frá Hollandi. Vitnið staðfesti þær skýrslur sem hann vann í málinu.
48. *Lögreglumaður nr. E* sagði að þeir hefðu verið við hefðbundið umferðareftirlit við Vínbúðina og veitt bifreið ákærðu athygli og stöðvað hana og kannað með ástand og réttindi hennar. Ákærða hefði borið þess merki að vera undir áhrifum vímuefna og hefði hún verið fengin yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna. Þeir hefðu rætt við hana um stund og hefði hún þá verið þvöl í framan og með skrítnar skýringar á því, sagst hafa svitnað við að ganga inn í Vínbúðina og aftur út í bifreiðina. Einnig hefði hún verið

drafandi í tali og virkað lyfjuð. Þeir hefðu handtekið ákærðu og farið með hana á stöð. Minnti hann að ákærða hefði ekki framvísað neinum vottorðum en talað um að hún væri að nota Ritalin, benzó-lyf og Oxycontin og að hún væri í niðurtröppun vegna Oxycontin. Sagði vitnið að þeir sem notuðu Ritalin væru með það á lyfjakorti inni á Heilsuveru. Þegar fólk segði nú að það væri á Ritalini eða Elvanse leiðbeindi hann því um að sýna þeim inn á Heilsuveru en þetta mál væri síðan árið 2022 og hefði þetta þá verið að byrja. Kvaðst vitnið hafa ritað frumskýrslu vegna málsins sem hann staðfesti.

49. *Lögreglumaður nr. F* sagði að þeir hefðu verið við almennt eftirlit og veitt bifreið ákærðu athygli en henni hefði þá verið ekið frá Vínbúðinni í [...]. Þeir hefðu ákveðið að kanna með ástand og réttindi ökumanns og gefið ákærðu merki um að stöðva og hún verið fengin yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna. Hún hefði borið þess merki að vera undir áhrifum fíkniefna en hún hefði verið mjög sljó í háttum, drafandi í tali og þvöl í andliti. Hefði ákærða verið handtekin grunuð um akstur undir áhrifum og hefði hún viðurkennt að vera að taka Ritalin, Oxycontin og benzó-lyf. Hefði hún verið flutt á lögreglustöð þar sem tekið var úr henni blóð. Myndi vitnið ekki eftir því að ákærða hefði framvísað neinu vottorði og ekki vottorði um að hún væri með einhvern sjúkdóm sem hún tæki þessi lyf við eða lyfjaskírteini.
50. *G*, lyfjafræðingur hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti að virka efnið í Ritalini Uno væri metýlfenidat. Sagði hún að niðurstaða matsgerðarinnar hefði verið sú að í blóði ákærðu hefðu mælst 12 ng/ml af metýlfenidati og væri það innan lækningalegs styrks. Amfetamín mældist hins vegar ekki eftir töku á Ritalini og heldur ekki eftir töku á Mogadoni og Stesolidi. Staðfesti vitnið matsgerð sem hún vann vegna málsins.

IV

Niðurstaða

51. Ákærða er í 1. ákærulið ákærð fyrir tilraun til fíkniefnalagabrots, með því að hafa sótt og þar með gert tilraun til að taka við 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, eins og nánar er rakið í ákæru. Í ákæru er háttsemi ákærðu talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.
52. Lögregla fékk tilkynningu 3. mars 2022 um að tollgæslan hefði fundið fíkniefni í póstsendingu sem við nánari skoðun reyndust vera 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi. Var efnunum pakkað í nokkuð stóran pappakassa ásamt m.a. eldhúsáhöldum. Var nafn ákærðu skráð sem móttakandi sendingar en það ekki ritað rétt. Þá var rétt

heimilisfang hennar ritað á sendinguna auk þess sem þar var merkt við að um gjöf væri að ræða. Voru fíkniefnin fjarlægð úr sendingunni og gerviefni sett í staðinn auk hljóðupptöku- og hlustunarbúnaðar. Þann 4. mars var ákærðu send tilkynning um að pakkinn væri tilbúinn til afhendingar. Fylgdist lögregla með því þegar ákærða sótti pakkann og fór með hann á heimili sitt og fylgdist einnig með ferðum hennar þennan dag þar til hún var handtekin um kvöldið og var hún þá ekki búin að opna pakkann.

53. Ákærða neitar sök og telur að ákærvaldinu hafi ekki tekist sönnun um sekt hennar. Fyrir dómi kvaðst hún ekki hafa vitað hvað væri í pakkanum og talið hann vera of stóran miðað við þá pakka sem hún fengi almennt. Þá kvaðst hún oft panta sér muni erlendis frá og ekki hafa yfirsýn yfir það á hverju hún ætti von. Kvaðst hún ekki hafa opnað pakkann þar sem henni hefði fundist sendingin skritin og vísaði þá aðallega til stærðar pakkans, og kvaðst hafa velt því fyrir sér að skila honum.
54. Ákærða tjáði sig fyrst um sakarefnið á vettvangi en gaf síðan þrisvar skýrslu við rannsókn málsins. Haft er eftir ákærðu í frumskýrslu, eftir að hafa verið kynnt réttarstaða sakbornings, að hún hafi ekki vitað hvað væri í sendingunni en talið að þetta gæti verið *hjóladótt*. Ekki liggur fyrir upptaka af öllum samskiptum lögreglu við ákærðu á vettvangi auk þess sem sú upptaka sem er til er að hluta til óskýr, þar á meðal upphaf samskipta ákærðu og þeirra lögreglumanna sem komu á vettvang. Samkvæmt framburði tveggja lögreglumanna sagði ákærða upphaflega að í pakkanum væri *hjóladótt* en bakkaði svo með það skömmu síðar. Þá kemur fram í málgögnum að ákærða hafði árið áður fengið tvær sendingar sem talið var að hefðu getað innihaldið reiðhjólábúnað miðað við það hver var sendandi en virtist í þetta sinn ekki eiga von á slíkri sendingu.
55. Ákærða hringdi á pósthúsið tveimur mínútum eftir að hún fékk send skilaboð um að pakkinn væri tilbúinn til afhendingar á pósthúsinu. Samkvæmt endurriti af símtalinu var erindi hennar að athuga hvort hún gæti náð í sendinguna. Ekki komu þar fram neinar efasemdir hjá henni um að pakkinn væri til hennar eða vangaveltur um að hún hefði ekki átt von á sendingu sem væri svo stór að hún kæmist ekki í póstbox. Ákærða lét ekki í ljós neinn vafa um að pakkinn væri til hennar fyrr en að hún gaf skýrslu hjá lögreglu en fram að því kvaðst hún hafa talið að pakkinn hefði að geyma sendingu sem hún hefði pantað en myndi ekki eftir. Þá var það fyrst fyrir dómi sem hún nefndi að hún hefði hugleitt að skila honum.
56. Eftir að hafa sótt pakkann fór ákærða með hann beint inn á heimili sitt. Samkvæmt framburði lögreglumanns nr. C sem þá hlustaði pakkann lét ákærða orð falla þegar hún

var komin inn með pakkann sem hann hefði túlkað sem fagnaðarlæti eða *yes, yes, yes* og *oh geggjað*. Staðfestu lögreglumenn nr. D og B sem þá fylgdust með að lögreglumaður nr. C hefði sagt þeim frá þessu um leið og þetta gerðist. Með framangreindu telst sannað að ákærða hafi látið þessi orð falla.

57. Af þeim gögnum sem aflað var við rannsókn málsins, og þá sérstaklega upptöku sem fannst í spjaldtölvu ákærðu, verður ráðið að hún hafi tengst fíkniefnaviðskiptum. Engin gögn hafa komið fram sem benda til þess að ákærða hafi greitt fyrir fíkniefnin af sínum bankareikningum eða á annan hátt. Þá fæst ekki séð af þeim gögnum sem fyrir liggja að sendingin hafi verið meðal þeirra sendinga sem gögn fundust um hjá ákærðu. Við rannsókn málsins kom í ljós að ákærða hefði notað dulkóðað samskiptaforrit í um klukkustund daginn sem hún fékk pakkann afhentan en lögreglu tókst ekki að komast inn í forritið og skoða samskipti ákærðu þar. Skoðun á síma ákærðu leiddi hins vegar í ljós að ólíklegt er að hún hafi þá verið að senda myndir í gegnum forritið í því mæli sem hún bar um.
58. Í ljósi framangreinds er það mat dómsins að framburður ákærðu hafi verið á reiki og sé ótrúverðugur. Fyrir liggur að ákærða fékk tilkynningu um sendingu til hennar sem hún sótti strax en hafði ekki opnað þegar lögregla gerði húsleit á heimili hennar og geymdi þá við útidyrnar. Við rannsókn málsins var hins vegar ekkert upplýst um kaup efnanna eða tildrög þess að þau voru send né heldur liggja fyrir frekari upplýsingar um sendanda pakkans. Ekki voru sjáanleg gögn í síma ákærðu eða öðrum raftækjum um að hún hefði verið í samskiptum við aðra vegna pakkans. Eins og að framan er rakið virtist ákærða fagna því að ná pakkanum í hús. Frekari ályktanir verða þó ekki dregnar af þessum orðum hennar. Þá hafa engin gögn komið fram sem benda til þess að ákærða hafi vitað af fíkniefnunum í pakkanum eða gögn sem sýnt geta fram á að ásetningur ákærðu hafi staðið til þess að taka á móti fíkniefnunum. Með vísan til framangreinds verður ekki talið sannað svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafi framið það brot sem lýst er í 1. ákærulið og verður hún því sýknuð.
59. Ákærða er í 2. ákærulið ákærð fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna eins og nánar greinir í ákæru. Ákærða neitar sök. Kvaðst hún á þessum tíma hafa verið að taka Ritalin Uno vegna ADHD en ekki hafa neytt fíkniefna. Komu ekki fram skýringar hjá henni á því hvers vegna amfetamín hefði mælst í blóði hennar. Byggir ákærða vörn sína

á því að hún hafi ekki verið undir áhrifum umrætt sinn og þau efni sem mældust í blóði hennar hafi verið vegna töku á ADHD lyfi, Ritalin Uno.

60. Atvikum er lýst í frumskýrslu lögreglu og staðfestu tveir lögreglumenn sem komu á vettvang það sem þar kemur fram. Kom fram hjá þeim að á vettvangi hefði vaknað grunur um að ákærða væri undir áhrifum ávana- og fíkniefna og nefndu þau sérstaklega að hún hefði verið sljó í háttum, drafandi í tali og þvöl í andliti.
61. Samkvæmt 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 6. mgr. 48. gr. Þá segir í 2. mgr. lagaákvæðisins að mælist ávana- og fíkniefni eða lyf samkvæmt 1. mgr., sbr. 6. mgr. 48. gr., í blóði ökumanns teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.
62. Samkvæmt 8. mgr. 101. gr. laga nr. 77/2019 skal ökumaður ekki beittur viðurlögum, m.a. vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja, ef hann hefur meðferðis við stjórn ökutækis vottorð læknis er sýni fram á að hann sé haldinn tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þurfi af þeim orsökum að neyta þeirra efna sem í blóði hans mælast og hann sýni fram á að hann hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hans mælast og sýnt er fram á, með mati læknis að undangenginni læknisskoðun sem fram fer að beiðni lögreglu í framhaldi af stöðvun ökutækis, að hann hafi verið hæfur til að stjórna ökutækinu örugglega. Þá kemur fram í 9. mgr. lagaákvæðisins að tekið skuli fram í framangreindu vottorði læknis að sjúklingurinn sé þrátt fyrir sjúkdóm sinn og lyfjainntöku fullkomlega fær um að stjórna ökutæki.
63. Af hálfu ákærðu var lagt fram fyrir dómi vottorð læknis, dags. 4. ágúst 2015, til stuðnings því að hún hefði verið greind með ADHD og vottorð læknis, dags. 4. júlí 2022, þar sem fram komi að hún tæki lyfið Ritalin Uno. Kom þar jafnframt fram að hún væri einnig að taka lyfin Mogodon og Stesolid. Ákærða bar um að hún hefði nefnt strax á vettvangi við lögreglu að hún væri að taka Ritalin Uno og væri í niðurtröppun vegna Oxycontins en lagði ekki fram nein gögn því til stuðnings. Þetta staðfestu fyrir dómi þeir lögreglumenn sem afskipti höfðu af henni. Kvaðst ákærða ekki hafa vitað að hún hefði átt að leggja fram gögn þessu til stuðnings.

64. Óumdeilt er að blóðsýni var tekið úr ákærðu þegar hún var handtekin. Staðfesti starfsmaður rannsóknastofunnar matsgerð sína vegna rannsóknar á blóðsýninu og að í blóði ákærðu hefðu fundist þau ávana- og fíkniefni er greinir í ákæru og að ökumaður teldist því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar sýnið var tekið, sbr. 50. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Samkvæmt vætti starfsmannsins er virka efnið í Ritalin Uno metýlfenidat og það magn sem mældist í blóði ákærðu innan lækningalegs skammts. Þá staðfesti vitnið að ekkert þeirra lyfja sem ákærða tók á þessum tíma hefði innihaldið amfetamín.
65. Samkvæmt dómafordæmum, t.d. dómi Hæstaréttar í máli nr. 254/2008, sem kveðinn var upp 19. júní 2008, breytir huglægt mat ákærðu á því hvort hún sé í reynd undir áhrifum engu. Þágildandi lög höfðu sambærilegt orðalag og nú er í lögum nr. 77/2019 hvað það varðar að mælist ávana- og fíkniefni í blóði ökumanns telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.
66. Ákærða framvísaði ekki vottorði læknis um að hún væri haldin tilteknum sjúkdómi eða ástandi og þyrfti af þeim sökum að neyta þeirra efna sem kynnu að mælast í blóði hennar. Var það forsenda þess að unnt væri að koma við læknisskoðun þar sem fram færi mat á því hvort ákærða væri fær um að stjórna viðkomandi ökutæki örugglega. Þá liggur einnig fyrir að ákærða hafði ekki, framvísaði ekki og hefur ekki sýnt fram á að hún hafi fengið útgefið lyfjaskírteini frá Sjúkratryggingum vegna neyslu þeirra efna sem í blóði hennar mældust. Þá breytir engu þótt ákærða hafi lagt fram vottorð fyrir dómi þar sem staðfest er að hún hafi þegar atvik gerðust fengið Ritalini Uno ávísað ásamt fleiri lyfjum. Þar sem ávana- og fíkniefni mældust í blóði ákærðu var hún óhæf til að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 77/2019. Verður það ekki metið ákærðu til refsileysis að hafa ekki þekkt efnislegt innihald þeirra lagaákvæða sem á reynir.
67. Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærða hafi ekið undir áhrifum ávana- og fíkniefna eins og greinir í 2. ákærulið og er brot hennar þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

V

68. Ákærða er fædd í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 28. febrúar 2024, hefur hún ekki verið dæmd til refsingar. Með vísan til þess, sakarefnis og dómvenju þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 100.000 króna fésekt til greiðslu í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins að telja en hún sæti ella fangelsi í átta daga.

69. Með vísan til þeirra lagaákvæða sem í ákæru greinir er ákærða svipt ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.
70. Upptæk eru gerð 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi sem hald var lagt á við rannsókn málsins en kröfu um upptöku á farsíma ákærðu (munanúmer [...]) er hafnað í ljósi niðurstöðu 1. ákæruliðar.
71. Ákærða greiði 1/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 900.000 krónur, en 2/3 hlutar greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærða greiði 159.568 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins vegna 2. ákæruliðar en annar sakarkostnaður vegna 1. ákæruliðar, 780.722 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
72. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Elín Hrafnadóttir aðstoðarsaksóknari.
73. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærða, X, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í átta daga.

Ákærða er svipt ökurétti í sex mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Upptæk eru gerð 256,28 g af amfetamíni og 4.725 g af hassi.

Kröfu um upptöku á farsíma er hafnað.

Ákærða greiði 1/3 hluta málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Steinbergs Finnbogasonar lögmanns, sem alls eru ákveðin 900.000 krónur, en 2/3 hlutar þeirra greiðist úr ríkissjóði, og 159.568 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)